



Flórgoði Myndin er tekin í júníbyrjun 2010 við vatn á höfuðborgarsvæðinu þar sem voru tvö flórgoðahlreiður í fyrrasumar. Flórgoðinn byggir flothreiður sem hann festir við vatnagróður. Þarna er hreiðurbygggingin vel á veg komin. Párið kom upp þremur ungum í fyrra. Tekið með canon 1D mark IV og canon 300mm f2,8 linsu með tvöfaldara.



Margæs

Þessi mynd er tekin á Álftanesi í maí 2009. Margæsin hefur viddvöl hér vor og haust á leiðinni milli Írlands og Grænlands auk kanadisku heimskautaejanna. Á vorin þarf hún að hvíla sig hér og nærast til að hafa afl til að fljúga yfir Grænlandsjökul á leiðinni á varpslóðir. Margæsin er oft í þúsundatali á Álftanesi. Margar þeirra eru fótamerktar, þetta var fyrsta myndin sem ég náði af margæs án merkingar. Myndin er tekin með canon 50D og canon 300mm f2,8 linsu með tvöfaldara.

Ljósmyndir lækna

Gunnlaugur Sigurjónsson
heilsugæslulæknir á Hg. Árbæ.
gunnlaugurs@simnet.is

*Slóðin á myndirnar er
www.flickr.com/gullisig.*



Kría Þessi mynd er tekin í júní 2010 á Víflsstaðavatni þar sem þessi kría var á sílaveiðum. Tekið með canon 1D mark IV og canon 400mm f5,6 linsu.